**Ed.** **799. Breytingartillaga** [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

77. gr. breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna „Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda" í 2. mgr. komi: Bandalagi íslenzkra leigubifreiðastjóra, Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda, Félagi sérleyfishafa og Landssambandi vörubifreiðastjóra.

b. Aftan við 2. mgr. bætist:

Óheimilt er endurskoðendum þessum að hafa með höndum starf, sem að mati dómsmálaráðherra er ósamrýmanlegt endurskoðunarstarfi þessu.